

Orkustofnun
Anna Lilja Oddsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 27. júní 2024
UST202406-086/R.K.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - rannsóknarleyfi á jarðhita í landi Efri Reykja, Bláskógabyggð

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 17. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna rannsóknarleyfis Efri Reykjaorka ehf. kt. 601216-0270 í landi Efri Reykja í Bláskógabyggð. Óskað er eftir því að rannsóknaleyfið gildi frá 1. júlí 2024 til og með 30. júní 2026.

Í skýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að Efri Reykjaorka ehf. er í 95% eigu Baseload Power Iceland ehf., kt. 550621-0370 og 5% í eigu Efri-Reykja ehf., kt. 430516-1830. Efri Reykjaorka hefur þegar fengið virkjunarleyfi fyrir 2 MWe smávirkjun í landi Efri-Reykja og nýtingarleyfi til handa Efri-Reykjum ehf., kt. 430516-1830, er til staðar fyrir 50 l/s meðalvinnslu á afmörkuðu svæði í landi Efri-Reykja. Tilgangur rannsóknarleyfisumsóknar er að ná til stærra svæðis en núverandi leyfi hafa afmarkað, til að undirbyggja betur mögulega smávirkjun á svæðinu í ljósi árangurslítillar borunar á árinu 2022. Með auknum rannsóknum mun félagið öðlast betri skilning á jarðhitaauðlindinni og/eða -auðlindum á Efri-Reykjum og nágrenni og nýta þekkinguna sem safnast sem grundvöll að upplýstri ákvörðunartöku um næstu skref við þróun verkefna sinna.

Fyrirliggur samþykki landeiganda á rannsóknarsvæðinu.

Í rannsóknaráætlun er ekki gert ráð fyrir borun heldur umfangsmiklum yfirborðsrannsóknum, þ.m.t MT/TEM í jörðu og holusjármælingar í borholu ER-23.

Náttúruverndarlög

Umhverfisstofnun bendir á að votlendi nýtur sérstakrar verndar samkvæmt a.lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í leyfinu og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef leyfið gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Frágangur gróðurþekju

Umhverfisstofnun beinir því til framkvæmdaraðila að huga vel að frágangi gróðurþekju. Að rannsóknarsvæðið verði staðsett þannig að það valdi sem minnstu raski á gróðri og að rannsóknaraðilar hugi að verndargildi þeirra vistgerða sem finnast á rannsóknarsvæðinu sbr. umfjöllun framar í umsögninni um votlendi.

Engin umfjöllun er um verndargildi eða vistgerðir á rannsóknarsvæðinu.

Akstur utan vega

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga er akstur vélknúinna ökutækja utan vega óheimill. Þó er heimilt að aka á slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis, svo lengi sem jörð sé frosin og ekki hætta á náttúruspjöllum. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd lagana og veitir m.a. leyfi og umsagnir skv. ákvæðum laganna.¹

Ákveðnar undantekningar frá banni við akstri utan vega eru til staðar, t.d. fyrir landbúnaðarstörf, björgunarstörf, lögreglustörf, landgræðslu og rannsóknir. Þessar heimildir eru til staðar svo framarlega sem ekki sé unnt að sinna viðkomandi störfum á annan hátt og ekki sé hætta á náttúruspjöllum.

Rannsóknarleyfishafi getur ef ekki er hægt að komast að rannsóknarsvæði með öðrum leiðum s.s göngu, ekið þangað á vélknúnum ökutækjum, en skal ávallt gæta ítrustu varúðar og óheimilt er að valda raski eða náttúruspjöllum við slíkan akstur.

Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að rannsóknarleyfið þarf að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027. Samkvæmt 28. gr. laganna eiga opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Markmið laga um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnum

¹ [Akstur utan vega](#)

vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn hljóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Straumvatnshlotin Fullsæll (nr. 103-628-R) og Brúará 2 (nr. 103-809-R) eru á rannsóknarsvæðinu. Vatnshlotið Brúará 3 (103-802-R) er á mörkum rannsóknarsvæðisins. Umhverfismarkmið allra ofantalinna vatnshlota er að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Jafnframt eru grunnvatnshlotin Laugardalur (103-254-G) og Kerlingafjöll-Hreppar (103-287-G) á afmörkuðu rannsóknarsvæði skv. greinargerð. Umhverfismarkmið þeirra er að vera með góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand.

Með þeirri leyfisumsókn sem hér er til umfjöllunar er aðeins sótt um rannsóknarleyfi til yfirborðsrannsókna. Fram kemur í greinargerð með leyfisumsókninni að ef jákvæðar niðurstöður fáist verður farið í frekari virkjunaframkvæmdir en þær séu ekki hluti af leyfisumsókninni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að mengunarvörnum þegar farið er um svæðið, tryggja þarf að þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin á svæðinu náist.

Virðingarfyllt,

Ríkey Kjartansdóttir,
sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson,
teymisstjóri